

---

## FUNDARGERÐ

**Fundur:** Raforkuhópur 2009-08  
**Fundartími:** Þriðjudagur 3. nóvember 2009 kl. 14:30  
**Fundarstaður:** Orkustofnun, Grensásvegi 9  
**Fundarefni:** 1) Fundargerð síðasta fundar.  
2) Verkefni ársins 2010.  
3) Raforkunotkun á 3. ársfjórðungi.  
4) Önnur mál.

---

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Íris Baldursdóttir  
Ívar Þorsteinsson  
Pétur E. Þórðarson  
Gunnar Aðalsteinsson  
Sigurður Ágústsson  
Agnar Árnason  
Ásgeir Sigtryggsson  
EFLA: Jón Vilhjálmsson  
Ingvar Baldursson

Fjarverandi:

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar. JV sagði að frétt hefði komi hjá Morgunblaðinu um minnisblaðið sem hópurinn sendi frá sér. IB ræddi um blogg sem kom í kjölfar fréttarinnar og fjallaði aðallega um garðyrkjubændur.
- 2) Íris sagði að hún hefði sett tillögu okkar fyrir næsta ár inn í áætlun hjá Landsneti en ekki væri búið að samþykkja áætlunina. ÍP sagði að áætlunin hefði ekki verið tekin formlega fyrir á Orkustofnun.
- 3) JV sagðist hafa uppfært tölur um raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins eftir að gögn frá Netorku bárust. Litlar breytingar eru á forgangsorkunni en aukningin þar breytist um 0,1 prósentustig. Ótryggða orka er aftur á móti heldur meiri enda vantaði á síðasta fundi gögn um hana frá Netorku. JV sagði að gott væri að sjá að gögnin hafi verið þetta góð strax á fyrstu dögum mánaðarins og því væri áhugavert að taka árið saman strax í byrjun janúar. Samþykkt var að stefna að því og sjá svo til hvort þörf væri á að flýta fyrsta fundi ársins. PEP benti á að notkun á Rarik svæðunum mundi líklega nokkurn veginn standa í

stað á þessu ári, AÁ sagði að notkunin hefði minnkað um 1,2% hjá Norðurorku og GA sagði að minnkunin væri mun meiri á höfuðborgarsvæðinu.

- 4) SÁ benti á að framundan væri breytingar í lýsingu með tilkomu ljóstvista. Slíkt getur leitt af sér verulega minnkun í raforkunotkun til lýsingar. PEP benti á að aukin notkun sparpera væri líklega einungis tímabundið ástand uns ljóstvistarnir fara að breiðast út. JV sagði að hópurinn þyrfti að skoða þetta vel við endurskoðun spárinnar og ætti það við um fleiri nýjungar svo sem rafbíla.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:30. Næsti fundur ákveðinn 1. desember 2009.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins.
- Frétt um minnisblað hópsins á mbl.is og meðfylgjandi blogg.

Verkefni:

| Umsjón   | Verkefni                         |
|----------|----------------------------------|
| ÍP, Íris | Samþykki fyrir áætlun næsta árs. |
|          |                                  |
|          |                                  |
|          |                                  |